

Truenorth Ísland ehf
Þór Kjartansson
Seljavegi 2, 2.h.
101 Reykjavík



Reykjavík, 5. desember 2014
Tilvísun: UST20141100153/mik

Kvikmyndataka við Kleifavatn Reykjanesfólkvangs 9 - 10. desember 2014

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi True North, dags. 24. nóvember 2014, vegna leyfis til kvikmyndatöku við Kleifavatn Reykjanesfólkvangs 9,-10. desember 2014 vegna auglýsingar fyrir Cat jarðýtur.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.


Lýsing á framkvæmd: Um er að ræða auglýsingu fyrir CAT jarðýtur sem True North er að vinna í fyrir hönd Eyepatch Production. Handrit auglýsingarinnar er reipitog milli Cat D10 jarðýtu sem vegur 70 tonn og sterkasta manns Íslands, Hafþórs Júlíusar Björnssonar. Auk Hafþórs munu 600 aukaleikarar taka þátt í auglýsingunni og aðstoða Hafþór í reipitoginu. Fyrirhugað er að kvikmynda auglýsinguna við Kleifarvatn. Í fjörunni milli Innri og Syðri Stapa. Aðstoða fyrir kvikmyndatökuliðið yrði við afleggjaran að Lambhagatjörn. Ekki yrði um fasta aðstöðu að ræða heldur yrði um að ræða sendiferðabíla og rútur sem yrðu nýtt sem aðstoða. Um væri að ræða 5 sendibíla og 3 rútur. Salernisaðstoða verður á kerrum og því ekki þörf á rotþró. Að tókunum kæmu 40 manns fyrir utan aukaleikarana og þurfa þeir flestallir að vera á tókustaðnum. Fengist hefur leyfi frá lögreglu og vegagerð leggja 12 langferðabifreiðum, sem flytja aukaleikarana, í vegkanti við tókustaðinn og loka annari akreininni. Aukaleikararnir ganga frá vegi og niður á tókustaðinn. Mönnuð umferðarstjórnun verður á sitthvorum endanum ásamt hefðbundnum umferðarmerkingum. Til að nálgast tókustaðinn verður keyrt eftir slóða sem liggur að fjörunni og verður þeim bílum sem tilheyra tókuliðinu lagt þar. Um er að ræða 4 sendibíla og 5 bílaleigubíla. Fyrir utan ýtuna samanstandur leikmyndin af 6 bálköstum sem komið verður fyrir á sandi þar sem engin gróður er skammt frá vatninu. Um er að ræða rekaviðadrumba sem eru eldvarðir og festir saman með vír. Ekki verður kveikt í timbrinu heldur notast við gaseld sem hægt er að kveikja og slökkva í á meðan tókur fara fram. Verður því ekki um neina kola eða öskumengun að ræða. Mikið af bílförum eru á svæðinu sem tókur fara fram eftir utanvegarakstur þar á meðal eftir festur og hringspól. True North gerir ráð fyrir að þurfa að raka yfir förin og/eða hylja með gúmmí mottum á meða tókur fara fram. Öll hugsanleg ummerki eftir jarðýtuna verða afmáð eftir tókurnar.

Áhrifamat: Samkvæmt mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin eins og lýst er af hálfu umsækjanda ekki líkleg til að valda óafturkræfum skemmdum á náttúru svæðisins.


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og framkvæmdum sem eru í beinum tengslum við þær innan Reykjanesfólkvangs sem lýst hefur verið af hálfu umsækjanda fyrir Umhverfisstofnun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tölur hefjast og þegar frágangi líkur.
2. Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnaupplýsinga.
3. Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
4. Samþykki landeigenda fáið fyrir kvikmyndatökunum.
5. Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega við vegstæðin.
6. Ferðir jarðýtunnar eru takmarkaðar við svæði sem liggur frá vegi að þeim stað sem hún verður staðsett á meðan tölur fara fram samkvæmt gögnum umsækjanda. Flytja skal ýtuna stöðstu mögulegu leið án þess að raska gróðri og undirlagi. Skal flutningur ýtunar innan svæðisins fara fram í samráði við Umhverfisstofnun.
7. Gæta skal sérstaklega að mengunarvörnum ýtunar. Þess skal gætt að olía og önnur mengandi efni berist ekki út í jarðveg á svæðinu.
8. Tökusvæðið skal afmarkað og skal komið fyrir merkingum sem tiltaka að um vinnusvæði sé að ræða og leyfi Umhverfisstofnunar hafi verið fengið fyrir framkvæmdinni. Skal textinn vera á íslensku og ensku.
9. Þar sem tókulið þarf að vera staðsett utan vegar skal setja út palla/mottur til að hlífa gróðri ef þörf er á og/eða eftirlitsaðili metur að þess þurfi.
10. Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökunar á svæðinu þegar þeim er lokið.
11. Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
12. Óheimilt er að trufla dýralíf.
13. True North skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tölur hefjast.
14. Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
15. Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með kvikmyndatökunum, undirbúningi þeirra og frágangi. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.200 kr/klst.

Virðingarfyllt



Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri